

- 119 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Verzlunarskóla Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 9. júlí 1947. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Verzlunarskóla Íslands.

(Stofnaður 28. apríl 1908)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Verzlunarskóla Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá nemendur Verzlunarskóla Íslands, sem af einhverjum ástæðum skortir fé til þess að halda áfram námi við skólann.

3. gr.

Stjórn MFVÍ hefur á hendi stjórn sjóðsins og úthlutar styrkjum úr honum í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Ætlast er til, að styrkþegar endurgreiði styrki þá, er þeir hafa hlotið úr sjóðnum, ef þeir verða þess síðar megnugir.

5. gr.

Í sjóðinn falla:

- a) tillög þau, sem nemendur greiða til hans ár hvert af frjálsum vilja eða eftir samþykkt fundar í MFVÍ.
- b) hagnaður af skemmtunum þeim, sem nemendur halda til styrktar sjóðnum.
- c) tillög og gjafir, sem aðrir kynnu að vilja leggja til hans.

6. gr.

Gjaldkeri MFVÍ skal vera gjaldkeri sjóðsins, og skal hann á aðalfundi ár hvert leggja fram reikninga sjóðsins endurskoðaða af endurskoðanda skólans.

7. gr.

Sjóðinn skal vaxta við Sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi MFVÍ og þá því aðeins, að  $\frac{2}{3}$  fundarmanna séu því samþykkir.

9. gr.

Með skipulagsskrá þessari falla úr gildi eldri ákvæði, sem kunna að vera til um Nemendasjóð Verzlunarskólans.

Þannig samþykkt af fundi höldnum í MFVÍ 25. febrúar 1947.

Sigurður Kristinsson,  
varaformaður.

Ólafur Sigurðsson,  
gjaldkeri.

Eypór Árnason,  
ritari.